

Hörpuljóð

Sigrún Harpa Sigurðardóttir

Hörpuljóð


Sigrún Harpa Sigurðardóttir

Myndskreyting og ljóð: Sigrún Harpa
Sigurðardóttir

Formáli

Þessi ljóðabók er lokaverkefni mitt til útskriftar á félagsvísindabraut úr Verkmenntaskóla Austurlands. Þegar fólk gengur í gegnum erfiðleika í lífinu finnst því oft gott að tala við einhvern. Tala um þau vandamál sem það er að takast á við, það lætur mörgum líða betur. En þegar þú veist ekki beint hvernig þér líður eða hvernig þú átt að útskýra fyrir öðrum hvað þú ert að ganga í gegnum eða hreinlega vilt ekki tala um það leitarðu annarra ráða. Sumt fólk fer út í það að skrifa í dagbók þar sem það skrifar niður tilfinningar sínar og hugsanir. Ég byrjaði að skrifa ljóð. Allar slæmu tilfinningarnar mínar fóru í ljóðskriftir. Ég var stundum reið þegar ég var að semja, ég var oft mjög langt niðri en svo um leið og ég kláraði eitthvað ljóð leið mér strax betur. Ljóðaskriftir draga mig oft niður en á móti veita þau mér miklu meiri hamingju og ró. Ég þarf að vera á ákveðnum stað í huganum til að skrifa gott ljóð. Mér þarf að líða á ákveðinn hátt til að koma einhverju á blað. Oftast er ég að hugsa um eitthvað sorglegt og/eða erfitt sem ég eða fólk í kringum mig hefur gengið í gegnum

Þannig má segja að sá erfiðleiki og sorg sem ég sé í kringum mig sé minn innblástur í mörgum af þessum ljóðum í bókinni. Þótt ljóðin mín séu ekki beint um þau atvik sem ég hugsa um þegar ég er að skrifa ljóðin þá tek ég samt innblástur frá því hvernig mér líður þegar ég hugsa um þau. Ég bjóst aldrei við því að ég myndi einhverntímann byrja að skrifa ljóð, hvað þá heila ljóðabók. En ég er mjög þakklát fyrir kveðskapinn minn þar sem hann hefur hjálpað mér mikið og einnig er þetta mjög skemmtilegt. Ég er nítján ára stelpa sem talar ekki mjög opinskátt um tilfinningar sínar þannig að það að gefa út ljóðabók þar sem allar mínar viðkvæmustu tilfinningar liggja er mjög erfitt og ógnvekjandi. En ég er líka mjög spennt að gefa þetta út og hleypa fólki aðeins nær mér. Ég vil þakka leiðbeinandanum mínum Ingibjörgu Þórðardóttur fyrir allan stuðninginn og hvatninguna í gegnum þetta ferli, leiðbeiningin hennar hefur verið mér ómetanleg.




1

Við vorum bara krakkar en ég veit samt að
tilfinningarnar mínar voru sannar.

Það gerði mig hrædda af því stundum fannst
mér þú horfa á mig eins og ég horfði á þig.

Ég sagði engum hvernig mér leið, hvað þá þér.


Kannski voru það mistök af því nú horfir þú á hana
og ég horfi á spegilmynd mína og græt.



Ég sagðist hata þig þegar ég elskaði þig.


Ég sagði öðrum að þú værir djöfullinn sjálfur
þegar þú varst í raun ljósið í lífi mínu.

Ég sagði sjálfri mér að að tilfinningarnar mínar
væru tímabundnar en nú mörgum árum seinna
held ég stundum að ég elski þig enn.



3

Ég grét þig aldrei
því hvernig er hægt að sakna eitthvers
sem var aldrei þitt.



Ekki gleyma mér, þótt þú hættir að elska mig
ekki gleyma mér.

Þótt þú hættir að hugsa um mig mundu samt
eftir mér.

Þótt þú hættir að horfa á mig mundu samt
hvernig ég lít út.

Þótt þú elskir hana núna ekki gleyma að fyrst
elskaðir þú mig.



5

Jól.

Árstími gleði og hamingju.

Árstími samheldni fjölskyldu og vina.

Árstími þar sem allt er fullkomið.


Eða hvað?

Jól

Árstími sorgar og einmannleika.

Árstími þunglyndis og sjálfsvígshugsana.

Árstími þar sem allt er hræðilegt.



Fyrstu jólin án þín.

Þú hataðir jólin, því þér leið ekki vel.


Þú hataðir lífið, því það var ekkert sem þú lifðir fyrir.

Þú elskaðir mig og ég elskaði þig.

Ég veit að þú fórst ekki frá mér af því þú

hættir að elska mig, þú fórst frá mér því þú

hættir að elska sjálfan þig.



Ég sé eftir þér,


það er það eina sem ég geri.

Ég hata þig ekki, ég hata hana ekki.

Eina sem þú gerðir var að verða ástfanginn af
stelpu sem var ekki ég.

Eina sem hún gerði var að verða ástfangin af
þér á meðan ég var það líka.

Ég sé eftir þér og mun gera það alla tíð en nú
þarf ég að líta í aðra átt.



8

HJÁLP!


Ég öskra út í mannföldann.

Það er eins og enginn heyri í mér.

Ég er með snöruna í hendinni

en það er eins og enginn sjái mig.

Ég hangi á miðju torginu og öllum er sama.




Árin fljúga framhjá, en ég stend kyrr.

Vinirnir hverfa, og ég stend ein.

Enginn mér við hlið af því engan hef ég
fundið síðan ég fann þig.

En allir vita að þú fannst margar eftir að þú
fannst mig.

Lífið stendur kyrrt þegar enginn er þér við hlið.




Þetta byrjaði allt á þeim.

Þeim sem lögðu þig í einelti.

Þeim sem lömdu þig fyrir að vera góður í
fótbolta.

Þeim sem lúskruðu á þér fyrir að hlaupa
hraðar en þeir.

Þeim sem drápu þig næstum af því þú varst
betri manneskja en þeir.



Þeir eyðilögðu líf þitt.

Þú fórst í óregluna á meðan þeir fundu sér eiginkonu.

Þú fórst í þriðju meðferðina á meðan þeir gengu í hjónaband.

Þú fórst í þunglyndi á meðan þeir bjuggu til minningar með börnunum sínum.

Þeir tóku lífið sem þú áttir skilið af þér og það mun ég aldrei fyrirgefa.




Við sem ætluðum að fara saman í gegnum lífið.

Við sem gerðum allt í heiminum saman.

Við sem höndluðum ekki lífið án hvors annars.

Mín leið var þín leið, mitt líf var þitt líf.

En nú erum það við sem munum örugglega aldrei eiga samleið á ný.



Mér leið vel áður en þú komst.

Lífið mitt var gott áður en þú birtist.


Það var ekkert sem vantaði.

En núna þegar þú ert hér

veit ég ekki hvernig ég lifði án þín

og veit ekki hvort ég geti lifað án þín.

Þú ert það sem ég vissi ekki að vantaði.



14

Sársauki.

Þér er illt.

Það er vont að hreyfa sig.

Þú grætur þig í svefn.

Það er allt í lagi.


Finndu fyrir honum.

Ekki reyna að ýta honum frá.

Leyfðu þér að finna fyrir honum.

Ekki skamma sjálfan þig fyrir að líða illa.

Af því sjálfshatur og sársauki er ekki góð blanda.



Ég er inni í brennandi byggingu.

Á ég að bíða og sjá hvort ég brenn inni?

Eða á ég að drífa þetta af og hoppa út um gluggann?

Það væri fljótlegra að hoppa.

Fólkið á götunni öskrar til mín að hoppa ekki.

En þau skilja mig ekki.

Þau vita ekki hvernig það er að brenna lifandi.

Þau vita ekki hversu hræðilegir logarnir eru.

Ekki segja mér að hoppa ekki.

Þegar þú veist ekki hvernig er að vera þakinn eldi.

Þegar þú veist ekki hvernig það er að geta ekki dregið andann.

Ekki segja mér að vera kyrr í brennandi byggingu

ef þú skilur ekki að ég er miklu hræddari við að vera kyrr en að hoppa niður.

En ég heyri hvort sem er ekki í þér frá götunni.

Eina sem ég heyri er röddin sem segir að ef ég hoppa þá flýg ég í frelsið og land áhyggjuleysis.



Ég sakna stolnu staranna.


Ég sakna brandaranna sem enginn annar
skildi.

Ég sakna þess að þykjast.

Ég sakna þess að ljúga að sjálfri mér.

Ég sakna alls því slæma.

Af því þótt slæmt væri, var það hundrað sinnum
betra en það sem ég þarf að gera núna:Lifa án þín.



Saklaus, máttlaus, vitlaus.

Það er allt sem þú ert.

Þú ræður engu um framtíð þína.

Skilin eftir í ruslatunnu eða elskuð af foreldrum.

Þú færð ekki að velja.

Pabba sem elskar þig eins og aukahlut eða

pabba sem elskar þig eins og dóttur.


Þú getur einungis beðið fyrir því síðarnefnda.

Þú færð það sem þér er gefið í vöggugjöf án

nokkurs konar viðvörunnar.

Og nóttin er stundum löng og það er ekkert

sem þú getur gert nema vona að sólin komi upp á ný.



Ég man ekki hvenær sem ég hló eins mikið og
við gerðum saman.

Ég man ekki hvenær ég grét eins mikið og
eftir að við rifumst.


Hvernig fórum við að því að brjóta þá einu
reglu sem við höfðum.

Vinir að eilífu.

Eilífiðin hefði verið draumur með þér.

En draumar eru bara draumar.

Þeir enda þegar þú vaknar til lífsins
og raunveruleikinn tekur við.



Einmannaleiki.


Mér líkaði aldrei vel við að vera ein.

Kannski vegna þess að ég sjálf var einhver
sem ég vildi ekki vera ein með.

Ég sjálf var minn versti óvinur.

Ég sjálf var minn eiginn leigumorðingi
sem enginn gat stoppað.

En svo varð ég minn eiginn bjargvættur,
skipstjóri lífs míns sem siglir áfram á sínum
eigin forsendum.



Mér er illt en ég veit ekki hvaðan sársaukinn kemur.

Það blæður úr mér en ég veit ekki hvaðan.

Kannski er það tómarúmið sem er orðið svo stórt

að það er byrjað að segja til sín.


Tómarúmið sem ég næ ekki að fylla.

Tómarúmið sem enginn sér eða veit af.

Stundum tek ég ekki eftir því en um leið og ég leggst

á koddann og tónlist dagsins hverfur og tómarúmið segir

til sín á ný.



Þau kalla mig tík en hann ákveðinn.

Þau kalla mig vælu en hann tilfinningaríkann.

Þau kalla mig elskan en hann herra.


Það sem ég segi er rangt

Það sem hann segir er rétt.

Unga dama, ungi maður.

Treystu mér unga daman er sterk.

Ungi maðurinn þekkir ekki skilgreininguna.



Þú varst sólin, himinninn og trén.

Nú ertu tunglið, stjörnurnar og myrkrið.

Ég heyri í þér þegar ég hlusta á öldurnar.

Ég sé þig þegar ég horfi upp í stjörnurnar.

Ég finn fyrir þér í myrkrinu þegar allt er hljótt.

En þegar sólin kemur upp á ný og myrkrið

hverfur gleymi ég stundum að ég sakni þín.

Og stundum heyri ég í sjónum en sumargolan

lætur betur í sér heyra.



Hver er ég án hafsins sem lætur í sér heyra á
rólegum degi?

Hver er ég án fjallanna sem vaka yfir mér og
vernda?

Hver er ég án fólksins sem þekkir mig eins og
handabakið á sér?

Hver er ég án köldu og þungu vetranna?


Eða volgu og blautu sumranna?

Það er víst bara ein leið til að finna út úr því.

Ný ævintýri kalla á nýtt umhverfi.

Nýjar minningar kalla á nýtt fólk.

Nýtt líf kallar á Nýtt líf.



Að elska.

Að vera elskuð.

Líf án ástar.

Ást jafnt og hamingja.

Hamingja jafnt og ást.

Þarftu að vera elskuð til þess að vera hamingjusöm?


Þarftu að vera hamingjusöm til að elska?

Ástin er flókið fyrirbæri.

Og hver veit, kannski erum við betri án hennar.

Eða kannski er ástin eina ástæðan fyrir því að við lifum.

En kannski bara kannski.



Ég þekki þig ekki lengur.

Hvar ertu?

Hver ertu?

Hver viltu vera?

Þetta fæ ég ekki að vita frá þér.

Kannski frá ömmu þinni.

Eða frá mynd á instagram sem segir að þú sért
stödd í París yfir helgina.

Eða að þú sért að flytja til Danmerkur í haust.

Ég vil bara vita að þér líði vel.

Vonandi er einhver sem er að segja þér frá mér.

Ég vona að þú vitir að mér líði vel og að lífið sé
bærilegt án þín.

Sérstakar þakkir:

Ágúst Ingi Ágústsson fyrir stuðning.

Berglind Björk Arfinnsdóttir fyrir hjálp með uppsetningu og myndskreytingu bókarinnar.

Ingibjörg Þórðardóttir fyrir hvatningu og leiðbeiningu.

Rebekka Rán Björndóttir fyrir stuðning og ljósmynd af höfundu.



Sigrún Harpa Sigurðardóttir fæddist þann 5. september árið 1998.

Sigrún ólst upp í Neskaupstað og er yngst fjögurra systkina. Hörpuljóð er fyrsta ljóðabók Sigrúnar Hörpu og er bókin partur af lokaverkefni hennar í Verkmenntaskóla Austurlands.